

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 7.12.2022
Málsnúmer: 202211-0033
IAS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar þann 22. nóvember síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Áform eru um nýja fiskeldisstöð á svæði vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku sem kalla á breytingu á aðalskipulagi. Í matsáætlun fiskeldisstöðvarinnar eru tveir valkostir til skoðunar, norðurlóð og suðurlóð. Fyrirhugað er að stækka iðnaðarsvæði 15 um 48,3 ha á milli orkuversins og sjávar og að leggja nýjan aðkomuveg frá Nesvegi að svæðinu norðanmegin. Þessi fyrirhugaða stækkun nær yfir báða valkostina og felur í sér breytta landnotkun; svæði sem nýtur hverfisverndar og er skilgreint sem óbyggt svæði verður eftir breytingu iðnaðarsvæði.

Svæðið sem um ræðir er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (svæði 106, sjá: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudvesturland/>) og innan svæðis sem var tilnefnt á náttúruverndaráætlun 2004-2008 (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2002/NI-02019.pdf>). Jafnframt nær það inn á svæðið Öngulbrjótisnef sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta náttúruminjaskrár árið 2018 sem verndarsvæði vegna fjöruvistgerða (<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/ongulbrjotsnef>).

Jarðminjar á svæðinu, hraun, gígar og jarðhiti, eru metin með hátt verndargildi á heimsvísu, en frá síðustu aldamótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnað staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Þetta gerist þrátt fyrir að í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 séu skýr ákvæði um að sérstæðar jarðmyndanir á heimsælikvarða beri að vernda. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar segir einnig að forðast skuli að raska hverfisvernduðum svæðum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að unnið sé eftir þessum markmiðum og æskilegt væri að leggja mat á hversu mikla iðnaðaruppbyggingu svæðið í heild þolir áður en farið er af stað með varanlegt rask á merkjum jarðminjum sem jafnframt rýrir verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,
Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

